

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1508
komudagur 24.3.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
B.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

ÓM/aa

Rvk. 23.03.2004

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um vetnisráð, 452. mál

Með vísan í bréf yðar dagsett 4. mars s.l. þar sem þér óskið umsagnar Samtaka atvinnulífsins um tillögu til þingsályktunar um stofnun vetnisráðs, vilja samtökin taka eftirfarandi fram:

Samtök atvinnulífsins eru hlynnt því að skipað verði vetnisráð, sem verði ríkisstjórn til ráðgjafar og upplýsinga um stöðu, framvindu og tækifæri á sviði vetnismála og standa árlega fyrir opnu vetnisþingi. Hins vegar gera samtökin athugasemd við skipan ráðsins og leggja til að fulltrúum olúfélaganna og skipaútgærða verði bætt í ráðið.

Greinargerð

Eins og kunnugt er, þá er talið að um þriðji hluti losunar koldíoxíðs af manna völdum hér á landi stafi frá fiskveiðum og annar þriðjungur frá samgöngum, eða samanlagt um 65%. Olúfélögin hafa eytt miklum tíma og fyrirhöfn í að leita leiða til að draga úr þessari losun landsmanna m.a. með opnun fyrstu almennu vetnisstöðvar í heimi, eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni. LÍÚ hefur fylgst vel með framgangi vetnisvæðingarinnar, m.a. sem þátttakandi í verkefni sem Nýorka leiðir og nefnist "Hydrogen and fuel cell fishing vessel project" Samtök atvinnulífsins telja þessar tvær atvinnugreinar eigi það mikla hagsmuni að gæta að það tvímælaust réttlæti setu þeirra í vetnisráði.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Óskar Mariússon